



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Suðurborg

2023 – 2024



*Suðurborg*



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans Suðurborgar.....	3
Öryggi, umhyggja, ábyrgð og vinátta.....	4
1. Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3. Innra mat yngri deilda – Álfakot, Dvergakot, Krílakot .....	11
4. Innra mat eldri deildar – Brekkukot, Hólakot, Lækjakot. ....	14
5. Innra mat sérkennslu.....	18
6. Innra mat – fjöltyngd börn .....	21
7. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	24
8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
9. Foreldrasamvinna.....	25
10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	27
11. Fylgigögn.....	27
a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	27
b. Skóladagatal 2023 - 2024.....	27



## Leiðarljós leikskólans Suðurborgar.

Starfsmenn Suðurborgar hafa unnið saman að gerð leiðarljósa í samskiptum en þau eru eftirfarandi:

- Verum jákvæð og uppbyggileg í samskiptum.
- Berum virðingu fyrir hvert öðru, við erum ólík.
- Sýnum hvort öðru umhyggju og hlaupum undir bagga.
- Höfum gleði að leiðarljósi, mætum í góða skapinu.
- Ræðum málin á réttum stöðum.
- Hrósum hvert öðru og nefnum það sem er að ganga vel.
- Verum hreinskilin í samskiptum.
- Höldum trúnaði um þær upplýsingar sem við erum með.

# Öryggi, umhyggja, ábyrgð og vinátta

## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta ár gekk nokkuð vel og erum við að vinna okkur hægt og rólega inn í starfið eins og það var fyrir Covid. Áherslan er enn á mál og læri og félagsfærni og teljum við það árangursríka undirstöðu og stoð í öllu því sem börn eru að kljást við daglega.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á þessa þætti, bæði sem hluti að menntastefnu Reykjavíkurborgar og í gegnum samstarfið Læsi allra mál sem er samvinnuverkefni Suðurlandsstöðvar og leikskóla í hverfinu. Okkar helsta kennsluefni í leikskólanum er Lubbi finnur málbein og Orðaspjall auk ýmissa annara verkfæra sem má finna í læsisstefnum Breiðholts og Reykjavíkurborgar. Við fengum auk þess til okkar starfsmann sem sinnir fjölmenningu og leggur hann áherslu á að efla íslenskukennslu inn í leikskólanum og styðja þau börn sem þurfa frekari aðstoð í henni.

Þegar kemur að félagsfærni þá hefur stuðningur við jákvæða hegðun verið okkar helsta verkfæri. Stuðningur við jákvæða hegðun er árangursrík leið til að styrkja og viðhalda jákvæðri hegðun barna. Stór hluti af því er að efla félagsfærni. Upplýsingar um þennan þátt er að finna á heimasíðu leikskólans. <http://sudurborg.is/leikskolinn/pbs/tilfinninga-og-felagsfaerni>

Bangsinn Blær er á sínum stað og finnum við að efnið eflir vináttu og eykur öryggi barnanna í leikskólanum. Starfsemi á yngri deildum gengur vel og erum við enn að efla okkur í starfi með yngstu börnin. Okkar helstu áherslur þar er umhyggja, efla málþroska og byggja upp umhverfi þar sem þau ná að kanna og uppgötva á sínum forsendum.

Leikskólinn tekur þátt í Evrópsku Erasmus samstarfi þar sem áhersla er á að efla foreldrasamskipti og teymisvinnu þegar kemur að börnum í sérkennslu. Í verkefninu taka þátt þrjár borgir í Evrópu, það er Reykjavík á Íslandi, borgirnar Gent í Belgíu og Agueda í Portúgal. En frá hverju landi eru tveir leikskólar, fulltrúar háskólanna í borgunum og fulltrúi frá borgunum sjálfum.

Verkefnið hefur gengið mjög vel og erum við að læra heilmikið á þessu samstarfi. Einn hluti af verkefninu var „Job shadowing“ í leikskóla erlendis. Við fengum leikskóla í Portúgal og fóru tveir deildarstjórar ásamt leikskólastjóra í leikskólann Shalom í Agueda, Portúgal og fylgdu þar kennurum eftir í viku til þess að kynna sér starfsemi þeirra með áherslu á foreldrasamskipti barna með sérþarfir.

Í gegnum þetta verkefni sem kallast Be-in eða þátttaka allra erum við auk þess að rýna í okkar starf með það fyrir augum að bæta það. Mjög skemmtilegt og alltaf gott að skoða inn á við í leikskólanum.

## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Mat á starfi leikskólans fer fram á reglulegum matsfundum yfir árið, deildastjórafundum og deildarfundum. Í lok skólaárs er síðan farið í heildstætt mat á ákveðnum þáttum leikskólastarfsins á skipulagsdegi starfsmanna. Matsfundir eiga að vera sex á ári, þrjár fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Yngri barna deildir funda sér og eldri barna deildir sér en á hverjum fundi situr einn fulltrúi frá hverri deild. Ekki náðist að halda reglulega matsfundi á síðasta skólaári vegna aðstæðna í leikskólanum en það tókst þó einstöku sinnum. Helstu áherslur eldri og yngri deilda voru metnar út frá aldri og þroska barnanna. Við matið var horft til starfsáætlunar og áherslur í starfi síðasta skólaárs. Styrkleikar greindir og horft var til tækifæra á umbótum. Að stórum hluta verða nýtt þau markmið sem við settum okkur á síðasta ári þar sem við teljum að það sé mjög gott að halda áfram með þau og dýpka.

### Innra mat Suðurborgar.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Notkun PBS inn á deildum</b>	Á deildarfundum	Starfsfólk	Styrkleikar eru að eldri starfsmenn þekkja PBS og kunna að nota það inni á deildum. Tækifæri til úrbóta eru að starfsmenn séu duglegri að nota PBS og kynna nýjum starfsmönnum fyrir PBS.
<b>Efla mál og læsi</b>	Á deildarstjóra fundum og deildarfundum.	Deildarstjórar eftir umræður við starfsfólk á deildarfundum	Styrkleikar eru að allir starfsmenn vita hversu mikilvægt það er að efla mál og læsi meðal barnanna, þar sem leikskólinn hefur fengið mikla fræðslu um efnið. Tækifæri til úrbóta er að alltaf má gera betur og allir starfsmenn þurfa að vera



			meðvitaðir um hvað þeirra framlag skiptir miklu máli.  Meðal annars hlutverk starfsmanna á svæðum með það að efla málþroska og læsi.
<b>Málstefna</b>	Á deildarstjóra fundum og deildarfundum.	Starfsfólk	Styrkleikar eru að hér eru margir bæði börn og starfsmenn með tvö eða fleiri tungumál og að þeir starfsmenn sem að tóku þátt í málstefnu vinnunni þekkja markmið hennar. Tækifæri til úrbóta eru að nýir starfsmenn og börn þekki og viti hver markmið málstefnu Suðurborgar er.
<b>Efla starf í einingakubbum</b>	Á deildarstjórafundi	Stjórnendahópurinn, deildarstjórar, sérkennslustjórar og leikskólastjórnendur	Efniviður er til staðar og vekur áhuga barnanna. Tækifærið er að fá inn námskeið til þess að efla starfsfólk í vinnu með kubbum og kynnast möguleikum efniviðarins. Hlutverki kennarans, umhverfisins og efniviðarins í kringum kubbana.



## Ytra mat í Suðurborg

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Foreldrakönnun</b>	Foreldrar fengu senda könnun á netinu. Bara annað foreldri.	Foreldrar	Mjög ánægjuleg útkoma. Foreldrar almennt ánægðir með leikskólann.  Helstu tækifæri til úrbóta eru að gera foreldrum enn frekar kleift að hafa áhrif á starfið með tillögum og hugmyndum.
<b>Starfsmannakönnun</b>	Starfsmenn fengu senda könnun á Reykjavíkur netfangið sitt.	Starfsmenn	Niðurstöður könnunar er ómarktækar vegna lítillar þátttöku starfsmanna. Margir starfsmenn eru ekki með virkt Reykjavíkur netfang og vegna manneklu gekk ekki að fylgja könnuninni eftir.



## Umbótaáætlun Suðurborgar 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að efla og styrkja deildarstjóra í starfi	Með námskeiðum sem eru sérsniðin fyrir deildarstjóra	Leikskólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Umræða tekin á deildarstjórafundum og í þróunar/snerpusamtölum.	Ánægðir og öflugir deildarstjórar í starfi.
<b>Uppeldis- og menntastarfi</b>							
	Efla og styrkja allan þroska barnanna og fylgjast	Að starfsfólk sé meðvitað um hversu mikilvæg	Leikskólastjóri, deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Umræða tekin á deildarfundum og starfsmannafundum	Að börnin séu ánægð og glöð í leikskólanum.





	vel með framförum.	t fyrstu árin eru í lífi barnanna					
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Að starfsfólk sé ánægt og hamingju samt í starfi	Boðið verður upp á ýmiskonar skemmtun utan leikskólans eins og keilu, pílu ofl.	Leikskólastjóri, deildarstjórnar, skemmtinefnd.	Haust 2023	Vor 2024	Umræður teknar á deildarstjórafundum og starfsmannafundum.	Niðurstöður starfsmannakönnunar.
	Að starfsfólk sé ánægt og hamingju samt í starfi, framhald <i>Öðruvísi dagar</i>	Við erum með bleikan dag, bláan dag sameiginlegar söngstundir í sal ofl.	Leikskólastjóri, deildarstjórnar	Haust 2023	Vor 2024	Umræður teknar á starfsmannafundum og deildarstjórafundum.	Niðurstöður starfsmannakönnunar.



Innra mat							
<b>Notkun PBS inni á deildum</b>	Stefnt er að því að allir starfsmenn læri vel PBS og nýti það í starfi með börnunum.	Deildarstjóra r kynna efnið fyrir starfsfólki og sýnir þeim möppuna sem fylgir PBS þar sem er að finna allar upplýsingar um PBS.	Stjórnendur og deildarstjórar .	Sept 2023	Mái 2024	Starfsfólk les möppuna og spyr út í það sem þarf að skýra betur. Deildarstjórafundir verða síðan nýttir til að ræða gengi PBS á hverri deild fyrir sig.	Að allt starfsfólk leikskólans þekki reglur og efni PBS og kunni að nýta það í starfi.
<b>Efla Mál og Læsi</b>	Markmiðið er að virkja starfsfólk enn frekar í mál og læsi í öllu starfi leikskólans. Sjá einnig innra mat sérkennslustjóra og verkefnastjóra fjölmenninga r.	Deildarstjóra r taka fyrir mikilvægi máls og læsis á deildarfundum ásamt því að leita hugmynda til sérkennslustjóra og verkefnastjóra fjölmenninga r.	Allir stjórnendur. Leikskóla-, sérkennslu-, verkefna- og deildarstjórar	Sept. 2023	Mái 2024	Deildarstjórar hittast á fagfundum og ræða hvernig gengur að efla mál og læsi. Einnig munu þeir ræða sín á milli hvað er að virka vel og deila hugmyndum með hvor öðrum, t.d. hvaða spil er sniðugt að nota í hópstarfi og hvernig er hægt að nýta aðrar stundir svo sem í fataklefa, íþróttasal og samverustundum.	Að starfsfólk verði virkt í að efla mál og læsi barnanna og nýti allar stundir leikskóladagsins til þess.
<b>Málstefna</b>	Stefnt er að því að koma málstefnu leikskólans sem gerð var í fyrra í notkun.	Sjá innra mat verkefnastjóra fjölmenninga r.					
<b>Einingakubbar</b>	Markmiðið er að starfsfólk fái fræðslu um tilgang og notkun einingakubba í leik	Að fá utanaðkoma ndi fræðslu á skipulagsdegi í nóvember.	Leikskóla- stjóri Aðstoðar- leikskóla- stjóri.	Sept 2023	Mái 2024	Starfsfólk ræðir á deildarfundum hvernig gengur að nota einingakubbana markvisst í starfinu í hópstarfi jafnt sem frjálsum leik.	Starfsfólk sé orðið öruggara að nota kubbana markvisst og fari eftir þeim leiðbeiningum sem fræðin segja til um.



	með börnunum.						
--	---------------	--	--	--	--	--	--

### 3. Innra mat yngri deilda – Álfakot, Dvergakot, Krílakot

#### Niðurstöður innra mats yngri deilda starfsárið 2022-2023

**Smiðja:** Smiðjan gekk misvel á deildum. Á einni yngri deild var farið í smiðju nánast vikulega og voru stundirnar skipulagðar í sameiningu. Á öðrum yngri deildum gekk þetta ekki eins vel og spilaði mannekla þar stóran þátt. Stöku sinnum var farið í smiðju en stundirnar voru þá meira af tækifæri en ekki skipulagðar fyrir fram.

**Styrkleikar:** Þegar smiðjustundir voru haldnar þá gengu þær mjög vel og börnin nutu sín vel í leiknum og forvitninni sem skapaðist á meðan smiðjan stóð yfir.

**Tækifæri til umbóta:** Það hefur ekki tekist að safna í sameiginlegan hugmyndabanka og stundirnar voru ekki metnar mánaðarlega líkt og lagt var upp með. Því verður þetta markmið sett aftur fyrir skólaárið 2023-2024.

**Könnunarleikur:** Könnunarleik var viðhaldið á öllum yngri deildum og var hann mjög reglulega.

**Styrkleikar:** Börnin nutu sín mjög vel í könnunarleiknum. Þau héldust lengi í leik og könnuðu og rannsökuðu allan efniviðinn sem var í boði. Oft skapaðist mjög flottur leikur sem entist lengi. Könnunarleikur var nýttur bæði í hópstarfi sem og á öðrum tímum vegna áhuga barnanna á leiknum. Börnin höfðu gaman af því að kanna efniviðinn og möguleika hans en auk þess skapast mikill hugtakaskilningur í leiknum.

**Tækifæri til umbóta:** Ekki tókst að hreinsa til í efniviðnum né finna/kaupa nýjan sem hefði nýst vel í leiknum og skapað nýja hæfni. Það er því enn á dagskrá og mun verða gert með haustinu.

**Hreyfistund í sal:** Hreyfistundir gengu mjög vel heilt yfir. Allar deildir fóru í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku þó svo það hafi ekki verið fastir dagar á öllum deildum.



**Styrkleikar:** Starfsfólk var duglegt að nota bæði palla og holukubba til þess að setja upp brautir sem efla hreyfiþroska barnanna. Börnin lærðu að þekkja sína styrkleika og veikleika og við fundum hvernig hreyfiþroski þeirra jókst yfir árið.

**Tækifæri til umbóta:** Vera duglegri að taka myndir af brautum til þess að safna í sameiginlegan gagnabanka. Einnig væri hægt að bæta við skipulögðum einföldum leikjum sem hæfir aldri barnanna.

**Lubbi:** Vinna með Lubba gekk ekki eins vel og lagt var upp með í upphafi síðasta skólaárs. Lubbi var ekki eins vel nýttur og á síðasta skólaári.

**Styrkleikar:** Það var haldið áfram að vinna með tákni barnanna og kenna þeim að klappa atkvæðin í nafni sínu eftir að táknið voru sýnd. Börnin lærðu sín tákni og tákni annara barna.

**Tækifæri til umbóta:** Það þarf að endurvekja söngvana um Lubba. Efnið er orðin aðgengilegra og mun því verða nýtt betur á komandi skólaári. Einnig þarf að vinna markvissara með Lubba í hópastarfi og virkja starfsfólk í þeirri vinnu ásamt því að gefa þeim tækifæri og tíma til þess að kynna sér efnið um Lubba betur.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Smiðja</b>	Endurvekja smiðju líkt og hún var fyrir nokkrum árum síðan.	Stefnt er að því að hafa smiðju einu sinni í viku á hverri deild þar sem fjölbreyttur efniviður verður nýttur. Smiðja fór vel af stað síðastliðið haust en fljótlega var kominn skortur á hugmyndum og þá féll smiðjan upp fyrir. Þetta árið mun starfsfólk safna hugmyndum	Starfsfólk skiptist á að sjá um smiðju mánaðarleg a. Starfsfólk mun bera ábyrgð á því hvernig smiðjan fer fram ásamt því að finna efni fyrir smiðjuna. Undirbúning s-tími getur nýst vel þegar	Okt. 2023	Mai 2024	Smiðja verður metin mánaðarlega á matsfundum. Eftir matsfundi verður smiðja rædd á deildarfundum. Einnig verður gerð skrifleg skráning á smiðjustundum ásamt því að ljósmyndaskráning verði gerð. Þær skráningar geta svo nýst í sameiginlegan gagnabanka starfsmanna.	Markmiðið er að gera starfið fjölbreytt og áhugavert fyrir börnin. Í smiðju er hægt að efla skynfæri ásamt því að efla fín- og grófhreyfingar



		saman í sameiginlegan gagnabanka.	kemur að því að finna góðar hugmyndir fyrir smiðju.				
Mál og læsi	Vinna markvisst að málörvun á hverjum degi með fjölbreyttum leiðum.	Málörvun fær stóran sess í öllu starfinu. Námsefnið um Lubba verður nýtt í samverustundum og hópastarfi. Einnig verður meiri áhersla lögð á sögustundir í smærri hópum ásamt því að málörvun verður notuð í öllum athöfnum leikskólans og orð sett á hluti.	Allt starfsfólk deildanna.	Ágúst 2023	Júlí 2024	Deildarstjórar meta árangur og velta upp hugmyndum á fagfundum. Einnig væri gott að fá ráðleggingar um aukna málörvun frá verkefnastjóra fjölmenningar og sérkennslustjóra.	Markmiðið er að efla tjáningu og málskilning barnanna á öllum yngri deildum leikskólans.



Félagsfærni/ Blær	Kynna námsefnið Blær fyrir öllu starfsfólki og nýta námsefnið betur til þess að efla félagsfærni barna.	Stefnt er að því að vinna markvisst með Blæ í hópastarfi. Fara vel yfir spjöld og vísur sem fylgja Blæ töskunni. Hafa gott aðgengi að þeirra einstaklingsböngs um og kenna þeim að leita til Blæs ef þeim t.d. líður illa eða eru leið.	Allt starfsfólk deildanna ber ábyrgð á að vinna með Blæ og fara yfir námsefnið með sínum hóp. Deildarstjór ar kynna efnið fyrir starfsfólki deildarinnar .	Okt. 2023	Maí 2024	Deildarstjórar meta vinnu með Blæ á fagfundum. Einnig verður vinna með Blæ metin á deildarfundum og hugmyndir að frekari vinnu ræddar og þeim komið til annara deilda.	Markmiðið er að börnin læri að þekkja Blæ og fyrir hvað hann stendur. Vonandi gefur það börnunum góðan skilning á vináttu og hvernig á að koma fram við hvort annað. Einnig er vonast til að efnið efli tilfinningaþroska og skilning/ þekkingu barnanna.
----------------------	---	---	--	-----------	----------	--	---

#### 4 Innra mat eldri deildar – Brekkukot, Hólakot, Lækjakot.

Markmiðið með einingarkubbunum náðist. Deildararnar juku notkun á kubbunum og mátti sjá miklar framfarir í byggingum barnanna. Byggingarnar stóðu oft út vikuna svo börnin gæti haldið áfram að þróa byggingarnar sínar. Kubbarnar voru notaðir í hópastarfi, hringekju, elstu barna stundum og frjálsum leik. Kynning á einingarkubbunum féll niður á haustmisseri.

Numicon í frjálsum leik og vali. Það var misjafnt á milli deilda hvernig það gekk. Numicon var markvisst notað, en meira í hringekju og vali og við viljum taka það úr frjálsum leik.

Markmið Blæ vináttu bangsans náðist ekki á öllum deildum en öll börn þekkja Blæ og vináttu hans. Öll börn hafa greiðan aðgang að Blæ og ná í hann þegar þeim líður illa og kúra með hann í hvíld. Börnin þekkja til tónlistarinnar sem fylgir Blæ verkefninu. Markmið fyrir komandi vetur er að breyta fyrirkomulagi og vera með mismunandi áherslur eftir aldri barnanna.

Markmiðið að efla þátttöku barna gekk að einhverju leiti upp. Hlustað var á hugmyndir barna í samverustundum og börnin fengu stundum að velja hvað væri í boði í valstundunum.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
	Að hverju er og stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fá kynningu á einingarkubbum	Að starfsfólk fái fyrirlestur eða kynningu á kubbum á skipulagsdegi.	Að starfsfólk fái kynningu og þekki vel til hugmyndafræ ði einingakubba na	Leikskólastjó ri og deildarstjóra r	Haust 2023	Janúar 2024	Á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra.  Starfsfólk svari könnun.	Að starfsfólk hafi öðlast þekkingu á kubbum og séu örugg í sínu starfi þegar kemur að kubbum og hlutverki sínu sem kennari.
Numicon í vali og hringekju	Að nýta Numicon stærðfræði- kubba í vali og hringekju. Að þau kynnist stærðfræði- hugtökum og efli	Að leikefnið sé aðgengilegt fyrir börnin í vali.	Að kennslu- efnið sé aðgengilegt í vali.	Haust 2023	Í lok maí 2024	Með umræðum á deildarfundum og á matsfundum.	Að börnin hafi tækifæri til að nýta Numicon í vali og séu farin að tileinka sér stærðfræði- hugtök og þekking þeirra sést í leiknum.



	stærðfræðivitund.						
Fá kynningu á Numicon fyrir starfsfólkið	Að starfsfólk fái fyrirlestur eða kynningu á Numicon á skipulagsdegi.	Að starfsfólk fái kynningu og þekki vel til hugmyndafræði Numicon stærðfræðikubbana.	Leikskólastjóri og deildarstjórarnir	Haust 2023	Janúar 2024	Á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra.  Starfsfólk svari könnun.	Að starfsfólk hafi öðlast þekkingu á stærðfræðikubbum og séu örugg í sínu starfi þegar kemur að Numicon og hlutverki sínu sem kennari.
Vináttuverkefnið Blær	Að börnin þekki Blæ, geti sett orð á tilfinningar sínar og geta sett sig í spor annarra. Að börnin þekki klípusögurnar, leiki, nudd og lög sem tilheyra Blæ.	Markvissar Blæ stundir, hvort sem er í hópastarfi, hringekju eða í samverustundum.  Mismunandi áherslur eftir aldri.  <u>Yngsti hópur:</u> Læra boðskapinn í gengum lögin.  <u>Miðhópur:</u> Læra boðskapinn í gegnum leikina. Bæta inn nuddi og klípisögur eftir áramót.  <u>Elstu:</u> Læra boðskapinn í gegnum allt kennsluefnið; lög, leikir,	Starfsfólk deildanna og deildarstjórnar	Haust 2023	Í lok maí 2024	Með umræðum á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra	Að börnin þekki Blæ og fyrir hvað hann stendur. Að þau geti tekið virkan þátt í Blæstundum og umræðum.





		nudd og klípusögur.  Markmið fyrir haustönn og vorönn.					
Að börnin séu þátttakendur í námi sínu	Að börnin hafi meiri áhrif á nám sitt og daglegar athafnir hvort sem um ræðir samverustundir, hópastarf og elstubarnastarfið.	Fá hugmyndir barna hvað er gert í þessum stundum. Hlusta á hugmyndir og heyra sjónarmið barnanna og koma á ákveðnu verklagi hvað það varðar.	Hópstjórar og deildarstjórar	Haust 2023	Janúar 2024	Rýnihópar í hópastarfi. Hópstjórar halda utan um óskir barna.  Deildarfundir til að ígrunda óskir og leiðir.  Matsfundir deildarstjóra.  Funda að hausti, í janúar og maí sem endurmat.	Hugmyndir og sjónarmið barnanna sé virt í öllu starfi og að þau hafi rödd í leikskóla-samfélaginu og að við lítum á þau sem samstarfsaðila og jafningja.  Að börnin hafi áhrif á nám sitt í leikskólanum.



## 5. Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í leikskólanum starfa tveir sérkennslustjórar og heldur annar utan um sérhæfingu leikskólans sem er atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu og/eða aðrar raskanir (S1). Hinn sérkennslustjórinn heldur utan um og vinnur með málþroska raskanir barna, hvort sem það er í hópum eða með einstaka börnum. Vegna langvarandi veikinda náðust ekki þau markmið sem voru sett fyrir skólaárið og munum við því nota þau sömu þetta ár. (S2)  Viðkomandi er þá á deildunum 1-2 daga fyrir hádegi og vinnur með börnunum. Í báðum tilfellum er unnið með börnin í einstaklingskennslu og í hópum en það fer allt eftir getu og þroska barnanna en auk þess er tekið mið af fötlun/röskun.</p> <p>S1= skráningar eru daglegar í hverri þjálfunarstund á þar til gerð eyðublöð sem fylgja atferlisíhlutun. Undirbúningur vinnufundar er samantekt á skráningum yfir ákv. tímabil á milli teymisfunda og sent á þá sem sitja í teyminu. Auk þess er reglulegt endurmat á nýrri færni eftir því sem lærd færni hjá barninu eykst og nýjum flokkum bætt við eftir þörfum.</p> <p>S2 - Notuð eru skráningarblöð frá talmeinafræðingum á ÞB. Þau eru hluti af samstarfsverkefninu í Breiðholti, Læsi allra mál.</p> <p>S1= Leikskólinn er þátttakandi í þriggja landa Erasmus verkefni sem kallast Be Inclusive. Okkar verkefni innan þess er að bæta enn frekar teymisfundi leikskólans og gera þá enn markvissari en áður.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>S1= unnið eftir er færnimatslista úr bókinni Behavioral Intervention for Young Children with Autism og WB-mapp. Fyllt hefur verið í AEPS og einstaka kaflar hafa verið ljósritaðir úr ABLLS-R eftir þörfum.  S2 - Hljóm-2 og EFI-2</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>S1= ýmist eru notuð aðkeypt námsgögn eða þau útbúin í leikskólanum. Suðurborg á töluvert af</p>



	námsgögnum sem hafa verið búin til á staðnum og nýtast á milli tímabila þjálfunar. S2 - Super Duper stokkar, sögubækur, alls kyns spil, Ipad, verkefnabækur s.s Orðagull, Orðahljóð.
--	---

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024 – S1

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Teymisfundir</b>	Efla samskipti deildarstjóra og foreldra barna í sérkennslu ásamt því að valdefla foreldra í þátttöku á teymisfundum.	Teymisfundum verður skipt til jafns á milli sérkennslustjóra, Suðurmistöðvar, deildarstjóra og foreldra. Viku áður en fundur er haldinn sendir sérkennslustjóri póst til allra sem á fundinum sitja og fá erindi sem þau vilja taka fyrir á fundinum.	Sérkennslu -stjóri (S1).	Sept . 2023		Sérkennslustjóri (S1) og deildarstjórar sem á fundunum sitja munu skrásetja gengi fundanna yfir árið og meta hvernig nýtt fyrirkomulag gengur. Þátturinn er hluti af stærra verkefni (Be-in) sem unnið er með tveimur löndum (Belgía og Portúgal).	Að teymisfundir skili öllum jöfnum árangri, þ.e. foreldrum, leikskólanum og Suðurmistöð. Einnig á þetta að auka enn frekar samskipti foreldra og deildarstjóra barna í sérkennslu.



## Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2023 – S2

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skipulag á einstaklings- og hópa stundum í málörvun.	Halda áfram að efla málörvun á hverri deild og efla samræður milli barna og milli barna og fullorðinna. Einnig að virkja starfsmenn deildanna í málörvun og að þeir séu meðvitaðir um mikilvægi hennar.	Að sérkennslu -stjóri 2 eigi sinn tíma á hverri deild og sinni þar þeim börnum sem þurfa auka aðstoð í málörvun hvort sem það er í hópnum og/eða einstak- lingslega. En auk þess að vera til staðar til að styrkja starfsmen n í daglegri málörvun.	Aðstoðar Leikskóla stjóri og sérkennslustjór i (S2)	Haust 2023	Vor 2024	Endurmats- fundur. Sérkennslu stjóri 2 í samvinnu við deildarstjóra.	Að sá stuðningur sem börnin fá sé mun markvissar i og að hann sé á þeirra heima svæði. Auka þannig öryggi barnanna hvort sem þau eru að vinna í hópum eða eitt og sér með sérkennslu stjóra 2. Auk þess er hægt að grípa meira inn í og yfirfæra í leik barnanna það sem þau hafa lært.



## 6. Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið fer í laun starfsmanns sem heldur utan um og vinnur sérstaklega með fjöltyngd börn sem þurfa á auka aðstoð að halda.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Farið er yfir sjónrænt dagsskipulag á öllum deildum að morgni. Notum Lubbi finnur málbein til þess að æfa máhljóðin og auka orðaforða og daglegur bókalestur er á hverri deild. Í hópastarfi er lögð áhersla á mál og læsi og stærðfræði. Við lærum texta og þulur í söngstundum og förum yfir merkingu textans og útskýrum. Starfsfólk leggur sig fram við að setja orða á alla hluti .t.d. í matmálstímum. Farið er yfir hvað er í matinn og hvaða áhöld eru við matarborðið. Unnið er með Gefðu 10 á deildum og lögð áhersla á að það sé notað daglega. Erum með skráningarblað uppi á vegg þar sem er merkt við hver gaf hverjum 10. þurfum að virkja betur á komandi skólaári.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Reglulegar lestrar- og samverustundir. Einstaklings/flæðislestur fyrir þau börn sem þurfa dýpkun á orðaforða. Reynum að vinna með litla hópa til að börnin fái sem mest út úr stundinni. Spyrjum út úr efni sögunnar þau börn sem þess þurfa fá málörvunartíma 1x til 3x í viku hjá verkefnastjóra fjölmenningar Vinum með lpad, smáforrit og sögugerð, spil, bækur, orðagull. Vísu mánaðarins er á öllum deildum með áherslu á ákveðin orðaforða, t.d. liti, árstíðir og fleira.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Efi próf, hljóm 2 próf, hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla Þegar börn koma slök út er inngrip í 3 mánuði í leikskólanum þar sem lögð er áhersla á alla þætti máls, endurmetið og



	<p>unnið út frá því. Þetta verklag er samkvæmt leiðbeiningum frá talmeinafræðingum Suðurmiðstöðvar.</p> <p>Einstaklingsáætlanir eru gerðar og áætlanir til þess að auka alla þætti máls.</p> <p>Notuð eru skráningablöð frá talmeinafræðingum á Suðurmiðstöð sem eru hluti af samstarfsverkefninu Læsi er allra mál til þess að skrá hvað var gert í málörvunartímunum.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Í málörvunarstundum er markvisst unnið að því að efla skilning og tjáningu. Börnunum er gefið tækifæri á að nota og skilja tungumálið, vinnum með orðaforða, málfræði, setningar, málnotkun og hljóðkerfisvitund samkvæmt læsisáætlun Breiðholts.</p> <p>Einnig er áhersla á alla þætti máls í deildarstarfinu ásamt ritmáli.</p> <p>Félagsfærni og tilfinningavinna fer meðal annars fram með því að námsefni í félagsfærni sem heitir bangsann Blæ og Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS), hugmyndafræði þar sem börn læra félagslegt tungumál og tilfinningaorðaforða.</p>

Málstefnurvinnan er hafin og er verið að leggja lokahönd á þá vinnu

Verkefnastjóri vinnur með börnum á öllum deildum og leggur inn orðaforða, eflir setningagerð, málfræði og tjáningu með ýmsum leiðum undir handleiðslu talmeinafræðinga á Suðurmiðstöð. Þau börn sem koma slök út á prófunum fara 3 x í viku í málörvun.

Málörvunar hringekja verður set af stað á haustmánuðum með elstu börnunum og langar okkur til þess að vera með eins vinnu alveg niður á yngstu deildar til þess að styðja vel við málþroska barnanna, þar sem áhersla er á alla helstu þætti tungumáls.

Tókum þátt í áhugaverðri rannsókn um námsefni fyrir tví-fjöltungd börn og erum við mjög spenntar að sjá niðurstöður.

## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Auka og dýpka orðaforðavinun	Efla orðaforða barnanna	Auka lestur bóka á deildum í minni hópum  Spilastundir og skipulögð  Orðaforðainnlögn  Málörvunar hringekja	Deilda- stjórar  Verkefnastjóri fjölmenningar	Hau- st 202 3		Á fundum  Hæfniramar  Efi-2	Að orðaforði barnanna aukist og dýpki
Auka fræðslu til starfsfólks um tvítyngi	Efla og styrkja starfsmenn	Fræðsla frá Suðurmistöð  Miðja máls og læsis  Verkefnastjóra fjölmenningar	Stjórnendur	Hau- st 202 3	Vor 202 4	Endurmat  Á deildum	Að sjálfstraust starfsmanna til að vinna að málörvun styrkist
Að gefðu 10 verði á öllum deildum	Virkja starfsfólk í aðtala markvisst við hvert barn  Að auka samskipti og fjölga námstækifærum barnsins	Að allar deildir vinni markvisst við að gefa 10.	Deildar- stjórar  Verkefnastjóri fjölmenningar	Hau- st 202 3	Vor 202 4	Á deildarfundum	Barnið upplifir að það tilheyrir barnahópnum og auki trú sína á eigin getu



<b>Málstefna</b>	Efla íslensku sem aðalmál inn í leikskólanum meðvitað og með því að taka ákvörðum um það í málstefnunni.	Gefa út málstefnuna	Leikskólastjóri  Verkefnastjóri  fjölmenningar	Hau- st  202 3	Hau- st  202 3	Á deildarstjóra fundum	Að allir séu meðvitaðir um stefnu leikskólans þegar kemur að íslensku sem okkar heimamál og að það sé styrkur í því í starfi með börnunum
------------------	--	---------------------	--	----------------------------	----------------------------	------------------------------	---

## 7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Stefnan var að halda áfram með snerpusamtölin á liðnu ári en vegna langtíma veikinda meðal annars gekk það ekki sem skyldi. Við stefnum samt ótrauð áfram og áætlum að byrja á þeim fljótlega í september/október. Skipulagið verður það sama og síðasta ár.

Samtölin byrja að hausti og verða reglulega yfir árið. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og/eða deildarstjórar vinna eftir ákveðnum undirbúningsblöðum sem stjórna samtalinu á hnitmiðaðan hátt. Starfsmaður fær einnig viðkomandi umræðupunkta þegar hann er boðaður í samtal til þess að undirbúa sig.

Öll námskeið og endurmenntun eru auglýst á kaffistofu leikskólans og stendur öllu starfsfólki til boða að skrá sig á námskeið, málþing og annað sem auglýst er eftir áhuga og þörfum. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með og leggja fram óskir. Á síðasta skólaári fóru 4 starfsmenn á fagnámskeið 1 og/eða 2 sem er í boði hjá Eflingu. Mikill áhugi er á því námskeiði og munu nokkrir starfsmenn fara á það á komandi skólaári.

Símenntun leikskólans í heild sinni verður á skipulagsdögum og á reglulegum fundum í leikskólanum. Skipulagsdagar hafa verið skipulagðir með það í huga og fyrirlesarar fengnir til að kynna sitt sérsvið.

Fyrirlestrar sem eru á áætlun fyrir næsta skólaár eru:

- Einingakubba námskeið.
- Betri borg fyrir börnin – sameiginlegur starfsdagur skóla í Breiðholti. Nánari upplýsingar síðar.
- Regnbogavottun.
- Starf með yngstu börnunum, mál og læsi athuga miðju máls og læsis.



## 8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við erum enn að efla samstarfi eftir fjarveru áranna í covid en á hverju hausti funda leik- og grunnskólakennarar og hefja þannig samstarfið það skólaárið. Á fundinum eru ræddar helstu áherslur í starfi beggja skólastiga og skipulag heimsókna í hvorn skólann fyrir sig.

Ákveðið skilaskjal fylgir börnunum í grunnskólann að loknum leikskóla og eru skjölin afhent á skilafundi í lok maí hvert skólaár. Þau börn sem ekki fara í hverfisskólann fá skjölin með sér í viðkomandi skóla.

Elstu börn leikskólans fara í fjórar heimsóknir í grunnskólann, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót og börnin í fyrsta bekk koma tvisvar í heimsókn í leikskólann á vorönninni. Leikskólabörnin fara í fyrstu heimsóknina að hausti og er það kynning á húsakynnum skólans og á útileiksvæði í og við skólann. Í annarri heimsókninni fá þau að taka þátt í kennslustund og fara svo börnin með 1.bekkingum út í frímínútur. Í þriðju heimsókninni er kennslustund og nestistími. Fjórða heimsóknin er heimsókn með foreldrum en þá fara börnin í kennslustund og foreldrar fá kynningu á skólastarfseminni. Einnig er þeim boðið að taka þátt í íþróttatíma hjá 1. bekk auk þess fara börnin einu sinni í viku í íþróttatíma á vegum ÍR en tímarnir fara fram í íþróttahúsi Hólabrekkuskóla og eru tímarnir góður undirbúningur fyrir komandi íþróttatíma. Þá fara börnin einnig í heimsókn Álfheima, frístundaheimili grunnskólans. Þegar grunnskólabörnin koma í heimsókn í leikskólann taka þau þátt í starfi innandyra fyrra skiptið en utandyra í seinna skiptið.

Fyrir fjórum árum fengu börnin í Suðurborg lánaða skólastofu í Hólabrekkuskóla aðra hverja viku til þess að kynna því hvernig það er að vera í grunnskóla. Börnin unnu verkefni ásamt leikskólakennurum, kynntu sér fataklefa, klósettaðstöðu og annað sem fylgir grunnskólanum. Þetta tókst vonum framan og teljum við að með þessu séu við að stuðla að auknu öryggi hjá börnunum þegar þau hefja svo sína grunnskólagöngu. Það er okkar von að það muni ganga upp á vorönn að vinna þetta verkefni eins og gert var á sínum tíma.

## 9. Foreldrasamvinna

Í Suðurborg er starfandi foreldraráð og í því eiga að sitja þrír fulltrúar. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins í

september/október ár hvert. Leikskólastjóri fundar með foreldraráðinu fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag, þar sitja fulltrúar frá hverri deild auk tveggja tengiliða frá leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði og heldur utan um ýmsar upptökur í leikskólanum.

Kynning á starfi vetrarins fer fram í foreldraviðtölum að hausti. Deildarstjórar bjóða hverju foreldri tíma og fara yfir áherslur vetrarins auk líðan barnsins í byrjun skólaárs. Allir foreldrar fá afhentan bækling um starf vetrarins. Kynningafundir hafa ekki borið árangur vegna dræmrar mætingu foreldra og því ætlum við að halda áfram með þessa leið.

Áætlað er að bjóða foreldrum í morgunkaffi eða síðdegiskaffi mánaðalega í vetur en auk þess verður hið árlega foreldrakaffi á aðventunni í byrjun desember. Þá verður foreldrum boðið uppá heimabakaðar piparkökur skreyttar af börnunum og heitt kakó. Foreldrar hafa einnig tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu upptökum sem leikskólinn býður uppá s.s. sveitaferð, opnu húsi og sumarhátíð.

Foreldraviðtöl verða í október og mars og geta foreldrar valið sér tíma á ákveðnum dögum. Í viðtalinu að hausti er farið yfir líðan barnanna í hópnum eftir aðlögun, hvort sem er inn í leikskólann eða á milli deilda auk kynningar á starfi vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að koma með sín viðhorf til leikskólastarfsins og þeirra áherslur í uppeldi barnsins.

Í viðtalinu að vori er farið yfir athuganir sem gerðar eru á þroska barnanna. Foreldraviðtal elstu barna að vori er í maí þar sem farið er yfir skilaskjöl sem fylgja börnunum í grunnskólann.

Við bjóðum upp á túlkaviðtöl fyrir foreldra af erlendum uppruna og á það bæði við foreldraviðtöl sem eru tvisvar á ári og fyrsta viðtal þegar börnin eru að byrja í leikskólanum þar sem þau fá mikilvægar upplýsingar um leikskólann. Foreldrar barna af erlendum uppruna fá auk þess túlk í aðlögun ef þörf er á.

Við sendum líka mikilvægar upplýsingar á ensku og pólsku ásamt íslensku, bæði í tölvupósti og á tilkynningartöflum í fataklefa hvernar deildar. Við höfum auk þess nýtt krafta okkar starfsmanna af erlendum uppruna til þess að túlka og eða þýða fyrir okkur í daglegu starfi hagnýtar upplýsingar sem upp geta komið hverju sinni og er það gert í samvinnu við foreldra barna í leikskólanum.

## 10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

1. 22. september – Skipulag vetrar undirbúið.
2. 17. nóvember – Kubbanámskeið.
3. 2. janúar – Yngstu börnin og starfið með þeim með áherslu á mál og læsi.
4. 8. mars – Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og endurmat
5. 17. maí – Ráðstefna í borginni.
6. 21. júní – Numicon námskeið

## 11. Fylgigögn

### a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

### b. Skóladagatal 2023 - 2024

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2023 – 2024  
Suðurborg.**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**



# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Suðurborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Skipulagsdagur	2 F Leikfangadagur	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjömannadagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F Þrettándaball	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans úti myndlistasýning	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Frídagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F 2019 börn skreyta jólatréð	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F Jólaþeysudagur	8 M	8 F	8 F Skipulagsdagur	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknmálsins	11 M Foreldraviðtöl	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F Vasaljósdagur	12 M	12 Þ Bolludagur	12 F Foreldraviðtöl	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L Jólaball Aðventukaffi 14:45	13 Þ	13 M Sprengidagur	13 L Foreldraviðtöl	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F Jólahúfundagur Jólamatúr	14 S	14 M Óskudagur Óskuball	14 F Foreldraviðtöl	14 S	14 Þ	14 F Sumarhátíð	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Bókadagur Dagur ísl tungu	15 M	15 F	15 F Náttfatadagur	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Bókadagur Dagur ísl tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F Útileikfangadagur	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F Skipulagsdagur	17 S	17 M	17 L	17 S Konudagur upphaf Góu	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur Bóndagaskaffi	19 M	19 Þ Konudagskaffi	19 F	19 S Hattadagur	19 M Hvítasunnudagur	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M Bleikur dagur	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F Sölgleraugnadagur	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Piparkökubakstur	21 M	21 S	21 M	21 F	21 Þ Eistu í útskriftaferð Vatmaskógur	21 F Skipulagsdagur	21 S
22 Þ	22 F Skipulagsdagur	22 S	22 M	22 F Piparkökubakstur	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 F Piparkökubakstur-L	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ Barnamenningarhátíð	23 F	23 S
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 F Piparkökubakstur	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M Barnamenningarhátíð	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 L Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F Barnamenningarhátíð	26 S	26 M
27 S	27 M	27 F	27 M	27 F Bangsadagur	27 M Jólasöngstundir hefjast í sal	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 F Leikfangadagur	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L Jólaöndur með foreldrum kl:15:00	30 L	30 Þ	30 L	30 Þ	30 F Útskrift eistu kl:15-16	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ Hrekkjavaka Hrekkjavökuball		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M

### Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu sam ráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka